

Tillagan var kynnt fyrir hagsmunaaðilum, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 11. maí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

7. maí 1999

Nr. 319

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. maí 1999.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 40. 7. janúar 1998 með áorðnum breytingum breytist þannig:

H.3/H.4 Hitaveita Siglufirði.

H.4 Hitun húsnæðis um rennislismæli.

Vatnsgjald	75,40 kr./m ³
Fast gjald	13.200,00 kr./ári

Iðnaðarráðuneytinu, 7. maí 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

29. apríl 1999

Nr. 320

SAMÞYKKT

um þjónustu byggðasamlags um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra við fatlaða í kjördæminu.

1. gr.

Í samræmi við samning byggðasamlags um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra og félagsmálaráðuneytisins, dags. 23. mars 1999, fer stjórn byggðasamlagsins með stjórn og framkvæmd málefna fatlaðra í eftirtöldum sveitarfélögum: Húnaþingi vestra, Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi, Svínavatnshreppi, Bólstaðarhlíðahreppi, Engihlíðahreppi, Vindhælishreppi, Skagahreppi, Höfðahreppi, Blönduóssbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Akrahreppi og Siglufjarðarkaupstað.

Stjórn byggðasamlagsins getur falið einstökum sveitarfélögum eða byggðasamlögum sveitarfélaga, að framkvæma einstaka þætti samningsins skv. samkomulagi við aðila og með samþykki félagsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Stjórn byggðasamlagsins ber ábyrgð á að íbúum í Norðurlandskjördæmi vestra sé veitt sú þjónusta sem Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum í þeim.